

**Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins**  
09 986

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins**

**kt. 680981-1759**

**Borgartúni 7, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Jarðeignir ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um Jarðasjóð. Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir skv. sérstökum heimildum sem fram koma í lögum um sjóðinn, m.a. vegna almennra útilífsnota.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Jarðasjóður heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Jarðeignir ríkisins heyra hins vegar undir Ríkiseignir sem f.h. ráðuneytisins annast útleigu og daglegt utanumhald ríkisjarða. Jarðeignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði. Mikilvægt er að virði ríkisjarða í ríkisreikningi sé endurmetið í ljósi þess að virði landbúnaðarjarða í fasteignaskrá byggir ekki á markaðsforsendum. Unnið er að heildarmati út frá eiginleikum jarða í samstarfi við Ríkiseignir og Þjóðskrá. Í ársreikningi þessum er jafnframt ekki gerð grein fyrir áætlaðri heildarskuldbindingu Jarðasjóðs vegna kaupskyldu ríkisins á eignum ábúenda í samræmi við ábúðarlög. Í gildi eru um 109 ábúðarsamningar og má áætla að heildarskuldbinding ríkisins sé um kr. 2,75 milljarðar við að leysa til sín eignir ábúenda á jörðunum ákveði þeir að bregða búi.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 110,7 milljónir og afkoma kr. -37,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 432,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 677,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytis,

Hrafn Hlynsson

(Undirritun rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	(2.300.000)	(2.300.000)
Aðrar tekjur .....	3	<u>113.011.479</u>	<u>116.129.944</u>
<b>Tekjur samtals</b>		110.711.479	113.829.944
<b>Gjöld</b>			
Annar rekstrarkostnaður .....	4	<u>147.823.886</u>	<u>150.625.307</u>
<b>Gjöld samtals</b>		147.823.886	150.625.307
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(37.112.407)	(36.795.363)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(7.550)</u>	<u>(1.601.435)</u>
		(7.550)	(1.601.435)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>(37.119.957)</u></u>	<u><u>(38.396.798)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Farartæki og vélar .....		46.675.992	40.000.000
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>46.675.992</u>	<u>40.000.000</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	6	10.162.992	12.741.596
Tengdir aðilar .....	7	594.682.664	524.439.494
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		26.419.137	26.419.137
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>631.264.793</u>	<u>563.600.227</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>677.940.785</u></u>	<u><u>603.600.227</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	8		
Hrein eign .....		432.253.172	308.376.331
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>432.253.172</u>	<u>308.376.331</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	2.913.156	4.557.541
Viðskiptaskuldir .....		0	595.100
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	9	242.774.457	290.071.255
<b>Skuldir samtals</b>		<u>245.687.613</u>	<u>295.223.896</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>677.940.785</u></u>	<u><u>603.600.227</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	10		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(37.119.957)	(38.396.798)
		(37.119.957)	(38.396.798)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		2.578.604	49.757.116
Tengdir aðilar .....		35.139.453	(11.616.179)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(595.100)	255.861
		37.122.957	38.396.798
		<u>3.000</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>3.000</u>	<u>0</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....		0	0
Kaupverð jarða .....	5	(6.675.992)	(40.000.000)
		(6.675.992)	(40.000.000)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		6.672.992	40.000.000
		6.672.992	40.000.000
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Jarðir ..... óafskrifað

þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## **Skýringar**

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	(2.300.000)	(2.300.000)

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	(2.300.000)	0	0	(2.300.000)
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(34.819.957)	0	0	(34.819.957)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(37.119.957)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(37.119.957)</b>

	2020	2019
<b>3 Aðrar tekjur</b>		
Eignatekjur .....	109.054.849	111.614.561
Sala á vöru og þjónustu .....	3.956.630	4.515.383
	<u>113.011.479</u>	<u>116.129.944</u>

### 4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	229.400	0
Vörukaup, almenn	229.400	0
Sérfræðiþjónusta .....	16.237.784	17.661.745
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	0	278.469
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	128.318	26.537
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	16.366.102	17.966.751
Verkkaup .....	1.023.000	0
Kostnaðarhlutdeild .....	129.955.883	103.127.791
Tryggingar, lögboðnar .....	29.021	0
Opinber gjöld .....	33.680	419.547
Tapaðar kröfur .....	186.800	29.111.218
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	131.228.384	132.658.556
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>147.823.886</u>	<u>150.625.307</u>

**31.12.2020      31.12.2019**

### 5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Jarðir .....	46.675.992	40.000.000
	<u>46.675.992</u>	<u>40.000.000</u>

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Jarðir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	40.000.000	40.000.000
Viðbætur á árinu .....	6.675.992	6.675.992
Staða 31.12.2020 .....	<u>46.675.992</u>	<u>46.675.992</u>

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>6 Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	10.162.992	40.993.808
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	0	(28.252.212)
	<u>10.162.992</u>	<u>12.741.596</u>

## 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	594.682.664	524.439.494
	<u>594.682.664</u>	<u>524.439.494</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	2.913.156	4.557.541
	<u>2.913.156</u>	<u>4.557.541</u>

## 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	Hrein eign	Bundið eigið fé	31.12.2020	31.12.2019
Jöfnuður 1.1. ....	(197.938.910)	506.315.241	308.376.331	346.773.129
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs skv. ákvörðun FJR .....	160.996.798	0	160.996.798	0
Afkoma ársins .....	(37.119.957)	0	(37.119.957)	(38.396.798)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(74.062.069)</u>	<u>506.315.241</u>	<u>432.253.172</u>	<u>308.376.331</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## 9 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	46.675.992	40.000.000
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	196.098.465	250.071.255
	<u>242.774.457</u>	<u>290.071.255</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	40.000.000	250.071.255	290.071.255
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	113.700.000	113.700.000
Breytingar á stöðu fjárheimilda til fjárfesinga skv. ákvörðun FJR .....	0	(160.996.798)	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	6.675.992	(6.675.992)	0
	<u>46.675.992</u>	<u>196.098.465</u>	<u>403.771.255</u>

## Skýringar

### 10 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur ekki gert skuldbindandi samninga.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.